



AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Breyting vegna Fjarðarheiðaganga; nýr stofnvegur, jarðgöng og gangamunni, efnistökusvæði og breytt landnotkun vegna færslu á golfvelli.



01.07.2022

VINNSLUTILLAGA



SAMÞYKKTIR

MÚLAÞING

Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Múlaþings þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2370-038-GRG-01-V03

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

RÝNT

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Anna Katrín Svavarsdóttir

EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	5
1.1	Markmið breytingar	5
1.2	Umhverfismat áætlunarinnar	6
1.3	Skipulagsgögn	6
2	FORSENDUR	6
2.1	Staðhættir	6
2.1.1	Náttúruvá	7
2.1.2	Vatnsverndarsvæði	7
2.1.3	Jarðgöng og gangamunni	7
2.1.4	Ný veglína	8
2.1.5	Göngu-, hjóla og reiðleiðir	8
2.1.6	Efnistökusvæði við Fjarðarheiðagöng	8
2.1.7	Golfvöllur	9
2.2	Fornleifar	9
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	9
2.3.2	Samgönguáætlun 2020-2034	10
2.3.3	Deiliskipulag	10
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	10
3.1	Jarðgöng og jarðgangamunni	10
3.1.1	Breyting á greinargerð	10
3.1.2	Breyting á uppdrætti	11
3.2	Ný veglína og undirgöng	11
3.2.1	Breyting á greinargerð	11
3.2.2	Breyting á uppdrætti	11
3.3	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir	11
3.3.1	Breyting á greinargerð	11
3.3.2	Breyting á uppdrætti	11
3.4	Efnistökusvæði	11
3.4.1	Breyting á greinargerð	12
3.4.2	Breyting á uppdrætti	12
3.5	Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði	12
3.5.1	Breyting á greinargerð	12
3.5.2	Breyting á uppdrætti	12
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	13
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	13

4.2	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	14
4.3	Valkostir og umhverfisáhrif	15
4.3.1	Jarðgöng og jarðgangamunni	15
4.3.2	Ný veglína og undirgöng	16
4.3.3	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir	18
4.3.4	Efnistökusvæði	18
4.3.5	Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði	19
4.4	Niðurstaða umhverfismats	20
5	MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	21
5.1	Málsmeðferð	21
5.2	Umsagnaraðilar breytingar	21

TÖFLUYFIRLIT

<i>Tafla 1. Vægi áhrifa.</i>	<i>13</i>
<i>Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið.</i>	<i>14</i>
<i>Tafla 3. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - jarðgöng og jarðgangamunni.</i>	<i>16</i>
<i>Tafla 4. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - ný veglína og undirgöng.</i>	<i>17</i>
<i>Tafla 5. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - göngu-, hjóla- og reiðleiðir.</i>	<i>18</i>
<i>Tafla 6. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - efnistökusvæði.</i>	<i>19</i>
<i>Tafla 7. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, iðnaðar- og athafnasvæði.</i>	<i>20</i>

1 ALMENNT

Vegagerðin undirbýr að leggja Seyðisfjarðarveg (*nr. 93*) í jarðgöngum undir Fjarðarheiði. Núverandi leið til Seyðisfjarðar liggur í 620 metra hæð yfir Fjarðarheiði sem lokast oft að vetrarlagi og er jafnframt eini akvegurinn til og frá Seyðisfirði. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur, einkum að vetrarlagi, á milli byggðarinnar í Seyðisfirði og annarra byggðarlaga en fyrirhuguð framkvæmd samræmist ekki gildandi aðalskipulagi.

Breytingin er sett fram í fimm liðum og í þeim felst:

1. **Jarðgöng og jarðgangamunni:** Staðsett er lega jarðganga undir Fjarðarheiði og jarðgangamunni við Gufufoss á sveitarfélagsuppdrátt skv. hönnun Vegagerðarinnar. Samkvæmt gildandi skipulagi er jarðgangamunni staðsettur á þéttbýlisuppdrætti við Fjarðarsel.
2. **Ný veglína og undirgöng:** Staðsett er ný veglína frá jarðgangamunna að þéttbýlinu á Seyðisfirði, veglínan er færð norður fyrir núverandi veg í þeim tilgangi að jafna hæðarlegu vegarins til Seyðisfjarðar. Nýr vegur verður skilgreindur sem stofnvegur, vegur að skíðasvæði í Stafdal verður skilgreindur sem tengivegur og þaðan yfir Fjarðarheiði er vegurinn skilgreindur sem aðrir vegir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir nýja veglínu til að tryggja aðgengi að svæðinu fyrir ofan fyrirhugaðan veg.
3. **Göngu-, hjóla- og reiðleiðir:** Skilgreindar eru nýjar gönguleiðir til að tengja nýjan golfvöll, hesthúsasvæði og athafnasvæði við göngustígakerfi bæjarins og auka þar með útivistarmöguleika á svæðinu.
4. **Efnistökusvæði:** Afmarkað er nýtt efnistökusvæði við gangamunnan þar sem gert er ráð fyrir tímabundnu haugsetningarsvæði og efnisvinnslu fyrir umfram efni sem ekki verður notað í vegagerð.
5. **Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafna- og iðnaðarsvæði:** Ný veglína að Seyðisfirði mun þvera golfvöll Golfklúbbs Seyðisfirðinga og athafnasvæði innan við kirkjugarðinn. Afmarkað er nýtt svæði fyrir golfvöllinn þar sem uppbygging golfvallarins getur farið fram á einu svæði. Afmarkað er opið svæði til sérstakra nota sem þar gert er ráð fyrir golfvelli og afmarkað er óbyggð svæði þar sem áður var golfvöllur. Vegna færslu á golfvelli mun afmörkun iðnaðarsvæðis fyrir Fjarðarvirkjun breytast en jafnframt ekki hafa nein áhrif á starfsemi virkjunarinnar.

1.1 Markmið breytingar

Markmið breytingarinnar er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, tryggja greiðari samgöngur og bæta vegasamband. Með jarðgöngum undir Fjarðarheiði verða samgöngur áreiðanlegri og öruggari, einkum að vetri til. Það mun styrkja byggð og atvinnulíf á Seyðisfirði og Austurlandi öllu.

1.2 Umhverfismat áætlunarinnar

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi er háð lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samkvæmt 2. gr. laganna gilda þau um skipulagsáætlanir og er fjallað um umhverfisáhrif áætlunarinnar í umhverfisskýrslu í 4. kafla.

Vegagerðin sem er framkvæmdaraðili hefur fengið VSÓ ráðgjöf til að vinna umhverfismat framkvæmdarinnar í samræmi við fyrirnefnd lög. Frummatsskýrsla er í kynningu frá 23. maí til 5. júlí 2022¹ og umsagnir skal senda til Skipulagsstofnunar á skipulag@skipulag.is.

1.3 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir grunni loftmynda frá Loftmyndum ehf og kortagrunnum sveitarfélagsins. Hnitakerfið er í ISN93.

Skipulagsgögn eru þessi greinargerð með umhverfismatsskýrslu og tveir skipulagsuppdrættir:

- Þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:10.000, dags 16.06.2022.
- Sveitarfélagsuppdráttur Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:50.000. dags 16.06.2022.

2 FORSENDUR

2.1 Staðhættir

Seyðisfjörður liggur inn í Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem samnefndur kaupstaður er fyrir botni fjarðarins, en þéttbýlið hefur byggst umhverfis Lónið. Undirlendi er fremur lítið inni í botninum en út með firði er það talsvert meira. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum sem eru hæst um 1100 metrar. Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan á Seyðisfirði einstök og hefur hún gert Seyðisfjörð að mikilvægri höfn og samgönguæð allt frá árinu 1901 til dagsins í dag vegna nálægðar sinnar við meginland Evrópu. Norræna, eina farþega- og bílaferjan sem siglir milli Íslands og Evrópu, kemur vikulega til Seyðisfjarðar allt árið.

Atvinnustarfsemi á Seyðisfirði er fjölbreytt, þar má helst nefna ferðaþjónustu, sjávarútveg, þjónustu í kringum ferjuna og verslun. Ferðaþjónusta er ein af lykilatvinnugreinum á Seyðisfirði og hefur ófærð á Fjarðarheiði oft sett uppbyggingu á heilsársferðaþjónustu á svæðinu í uppnám. Vinsælt skíðasvæði er í Stafdal og sér Skíðafélagið í Stafdal um rekstur svæðisins en Skíðafélagið í Stafdal var stofnað með sameiningu skíðadeilda Hugins og Hattar árið 2008². Stafdalur er við Seyðisfjarðarveg(nr. 93). Á svæðinu eru tvær diskalyftur og fjölbreyttar skíðabrekkur auk þess sem skíðaskáli er á svæðinu.

¹ Sjá kynningargögn á vef Skipulagsstofnunar <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/mal-i-kynningu/safn/fjardarheidargong>

² SKÍS (á.á). *Skíðafélagið í Stafdal*. Sótt þann 1.júlí 2022 á vef stafdalur.is

2.1.1 Náttúruvá

Á Seyðisfirði er víða ofanflóðahætta og liggur fyrir hættumat fyrir þéttbýlið á Seyðisfirði sem var endurskoðað árið 2019 og staðfest af umhverfis- og auðlindamálaráðherra árið 2020. Fyrirhugaður gangamunni og ný veglína eru ekki innan þess hættumats. Veðurstofa Íslands var því fengin til að meta ofanflóðahættu við jarðgangamunna og veglínu. Helstu niðurstöður hættumatsins voru að ofanflóðahættan á fyrirhuguðum vegkafla milli hættumetna svæðisins á Seyðisfirði og Fjarðarheiðaganga telst ásættanleg samkvæmt viðmiðum norsku Vegagerðarinnar.

2.1.2 Vatnsverndarsvæði

Vatnsból Seyðisfjarðar er í Fjarðará ofarlega í inntakslóni Fjarðarselsvirkjunar. Stofnlögn hitaveitunnar liggur þaðan að vatnshreinsistöð við Drottningalæk og síðan áfram í bæinn. Vatn er grófhreinsað með mekanískri grófsíu, fínsíu með sandsíu og geislað með útfjólubláu ljósi. Skv. gildandi aðalskipulagi er jarðgangamunni innan vatnsverndarsvæðis sem og núverandi stofnvegur. Skv. skipulaginu vinna bæjaryfirvöld að könnun á öðrum kostum til að auka öryggi við neysluvatnsöflun.

Fyrirhugaður jarðgangamunni við Gufufoss er um 150 m norðan við Fjarðará og um 600 m ofan við vatnsból Seyðfirðinga. Einnig liggur fyrirhugaður jarðgangamunni innan vatnsverndarsvæðis sem og fyrirhugað efnistöðusvæði.

Veglagning vegna jarðgangagerðar getur haft áhrif á vatnafar, breytt árfarvegum og haft áhrif á vatnsvernd. Strangar öryggiskröfur eru viðhafðar ef framkvæmd er á skilgreindu vatnsverndarsvæði eins og grannsvæði og fjarsvæði.

2.1.3 Jarðgöng og gangamunni

Fyrirhuguð jarðgöng munu liggja undir Fjarðarheiði og eru um 13,3 km löng, frá gangamunna Seyðisfjarðar til gangamunna í Fljótsdalshéraði. Skv. gildandi aðalskipulagi munu jarðgöngin liggja um grann- og fjarsvæði vatnsverndar.

Skv. gildandi aðalskipulagi er gangamunni sýndur á uppdrætti við Fjarðarsel, í um 95 m hæð yfir sjávarmáli. Sú staðsetning er ekki talin ákjósanleg þar sem hún lengir jarðgöngin um 800 m. Ný staðsetning gangamunna liggur nálægt núverandi vegi eða n.t.t. norðan við Gufufoss, í um 130 m hæð yfir sjó. Gufufoss er einn af fjölda fossa sem fellur fram af hraunhjöllum í Fjarðará og sést vel frá núverandi Seyðisfjarðarvegi. Þar er stikuð gönguleið og útsýnisskot með útsýni að Gufufossi. Skv. gildandi aðalskipulagi mun gangamunni við Gufufoss vera staðsettur innan grannsvæðis vatnsverndar eða um 600 m ofan við vatnsból Seyðfirðinga.

Frá fyrirhuguðum gangamunna er viðsýnt í austurátt út fjörðinn en útsýnið takmarkast í aðrar áttir vegna hárra fjalla. Þar er að mestu lyng- og grasvaxið mólendi með lítilsháttar kjarrgróðri.

2.1.4 Ný veglína

Núverandi vegtenging til Seyðisfjarðar liggur um Seyðisfjarðarveg (*nr.93*), milli Héraðs og Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði, samtals um 27,3 km langur stofnvegur. Fjarðarheiði er hæsti fjallvegur (620 m.y.s) á landinu til þéttbýlisstaðar sem hefur aðeins eina vegtengingu. Að auki eru brattar brekkur, beggja vegna Fjarðarheiðar, sem oft verulegur faratálmi fyrir flutningabíla og fólksbíla t.a.m. þeirra sem koma með Norrænu. Þá daga sem ferjan kemur eða fer er mjög mikil umferð um Fjarðarheiði og hefur hún oft verið mesta samgönguhindrunin þar sem farþegar úr ferjunni mæta á allri sinni ferð um Ísland. Aðkoma inn í þéttbýlið er um þjóðveginn Seyðisfjarðarveg, inn í bæinn frá vestri um Vesturveg þar til hann skiptist í tvennt á gatnamótum við Ránargötu og Austurveg. Þessir vegir liggja svo áfram út með byggðinni beggja vegna fjarðarins.

Ekki er ákjósanlegt að tengja nýjan Seyðisfjarðarveg við núverandi veg þar sem núverandi vegur telst ekki vera góður, hvað varðar greiðfærni og umferðaröryggi. Áætlað svæði fyrir nýjan stofnveg er frá jarðgangamunna við Gufufoss, norður fyrir núverandi vegstæði og tengist svo núverandi Seyðisfjarðarvegi við kirkjugarðiinn, samtals er leiðin um 3,5 km. Svæðið er að miklu leyti raskað land s.s. golfvöllur, gömul tún, uppgræðsla og gamalt efnistökusvæði. Næst jarðgangamunna er að mestu mólendi. Ekkert þykir jarðfræðilega sérstakt á nýrri leið en ofan á berggrunninum er ýmist þunnur mýrarjarðvegur eða skriðumylsna og klapparbríkur að mestu án jarðvegs³.

Skv. gildandi aðalskipulagi mun ný veglína þvera Hagavöll, 9 holu golfvöll Golfklúbbs Seyðfirðinga, landbúnaðarsvæði, óbyggð svæði og athafnasvæði. Hluti leiðarinnar liggur innan fjar- og grannsvæðis vatnsverndar. Frá golfvellinum liggur nýja veglína í jaðri svæða sem afmarkast sem svæði fyrir hestamennsku, efnistökutöku og kirkjugarð. Hluti af gamla veginum mun svo nýtast sem aðkomuvegur að hesthúsbyggðinni, golfvellinum og virkjunum.

2.1.5 Göngu-, hjóla og reiðleiðir

Skv. gildandi skipulagi er skilgreind reiðleið frá hesthúsahverfi upp að svæði fyrir ofan golfvöll og athafnasvæði. Einnig eru skilgreindir göngustígar meðfram Fjarðará og upp að Gufufossi. Ný veglína kemur til með að þvera reiðleiðina frá hesthúsahverfinu en raskar aftur á móti engum gönguleiðum.

2.1.6 Efnistökusvæði við Fjarðarheiðagöng

Efnistökusvæðið er um 7,4 ha að stærð og verður staðsett norðan við fyrirhugaðan gangamunna, upp undir skógræktarsvæðið Selhjallaskóg, þvert í gegnum svæðið liggur Seyðisfjarðarlína 1. Svæðið er staðsett inn grannsvæðis vatnsverndar og þarf því að gæta ströngustu varúðarráðstafana gagnvart mengunarhættu. Gert er ráð fyrir að svæðið verði nýtt undir umframefni sem ekki verður nýtt í vegagerð. Efníð verður geymt þar tímabundið og verður nýtt smám saman til framkvæmda í sveitarfélaginu.

³ Jarðfræðistofan(2020). Fjarðarheiðagöng. Jarðfræði og jarðmyndanir við veglínur að fyrirhuguðum munnum Fjarðarheiðaganga. Unnið fyrir Vegagerðina.

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði og landbúnaðarsvæði. Svæðið liggur við neðri mörk Selhjallaskógar og svæði til trjáræktar. Nýtt efnistökusvæði liggur að hluta til innan skilgreinds óbyggð svæðis og á landbúnaðarlandi og við skógræktarsvæði.

2.1.7 Golfvöllur

Hagavöllur er níu holu golfvöllur Golfklúbbs Seyðisfjarðar. Völlurinn er rétt innan við kaupstaðinn, neðanlega í suðurhlíðum Bjólfs og norðan megin núverandi veglínu að þéttbýli.

Ný veglína frá gangamunna að þéttbýlinu kemur til með að þvera núverandi golfvöll og því er áformað að færa völlinn suður fyrir nýja veglínu. Hluti núverandi golfvallarsvæðisins verður áfram nýtt sem golfvöllur en að hluta til mun völlurinn verða byggður upp á óbyggð svæði. Neðan og innan við svæðið eru virkjanirnar Bjólfsvirkjun og Fjarðarselsvirkjun.

2.2 Fornleifar

Árið 2020 var unnin fornleifaskráning af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði af Fornleifastofnun Íslands og voru niðurstöður birtar í skýrslunni *Fjarðarheiðagöng: fornleifaúttekt*. Viðbótarrannsókn var síðan unnin árið 2021 af nyrsta hluta áætlaðrar veglínu af Antikva ehf og voru niðurstöður birtar í skýrslunni *Fjarðarheiðargögn. Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu*.

Alls voru skráðar 34 fornleifar og þar af voru 18 fornleifar innan framkvæmdar- og haugsetningarsvæðis nýrrar veglínu, allar í landi Fjarðar. Þá teljast fimm þeirra hafa mikið eða mjög mikið verndargildi. Óheimilt er að fara í framkvæmdir á minjastöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands.

Komi áður óþekktar minjar í ljós á framkvæmdatíma skal hafa samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Við gerð þessarar aðalskipulagsbreytingar er horft til eftirfarandi markmiða í Landsskipulagsstefnu:

„2.6 Sjálfbærar samgöngur

Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.“

„2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.“

„3. Búsetumynstur og dreifing byggðar

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“

„3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Skipulag byggðar og bæjarhönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.“

2.3.2 Samgönguáætlun 2020-2034

Í samgönguáætlun 2020-2034 er miðað við að flýta upphafi framkvæmda við Fjarðarheiðagöng þannig að þær hefjist árið 2022 eða talsvert fyrr en áður hefur verið ráðgert.

2.3.3 Deiliskipulag

Á hluta svæðisins er eftirfarandi deiliskipulag gildi:

- *Fjarðarárvirkjun, sem samþykkt var 04.07.2005.*

Ný veglína og gangamunni lenda innan deiliskipulags Fjarðarárvirkjunar og gera þarf breytingu á deiliskipulagi en það mun ekki hafa áhrif á mannvirki virkjunarinnar.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga í greinargerð, á þéttbýlisupprætti og á sveitarfélagsupprætti. Eins og fram hefur komið er breytingin sett fram í fimm liðum.

3.1 Jarðgöng og jarðgangamunni

Fyrirhuguð breyting er í samræmi við stefnu skipulagsins en þar er markmiðið að bæta samgöngur á landi og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna sem koma til Seyðisfjarðar með bílferju og skemmtiferðaskipum. Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að það sé brýnt fyrir þróun byggðarinnar að vegurinn yfir Fjarðarheiði verði settur í jarðgöng undir heiðina.

3.1.1 Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð.

3.1.2 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Jarðgangamunni á þéttbýlisuppdrætti en tekinn út og í staðinn eru jarðgöng og jarðgangamunni sett inn á sveitarfélagsuppdrátt við Gufufoss skv. hönnun Vegagerðarinnar.

3.2 Ný veglína og undirgöng

Stefna um samgöngur er óbreytt frá gildandi skipulagi. Skilgreindur er nýr stofnvegur frá gangamunna að þéttbýli Seyðisfjarðar.

3.2.1 Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð.

3.2.2 Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Nýr stofnvegur er skilgreindur frá gangamunna að þéttbýlinu á Seyðisfirði, vegurinn að skíðasvæðinu í Stafdal er skilgreindur sem tengivegur. Frá skíðasvæðinu og yfir háheiðina verður vegurinn skilgreindur sem aðrir vegir. Þá er gert ráð fyrir undirgöngum undir nýja veglínu. Undirgöngin eru staðsett námunda við útvistarsvæði þ.e.a.s. golfvöll og hestasvæði í þeim tilgangi að tryggja aðgengi gangandi og ríðandi að svæðunum beggja vegna vegar. Núverandi vegur heldur áfram að þjóna svæðinu í dalnum og mun tengjast nýrri veglínu með T-vegamótum neðan við kirkjugarðinn.

3.3 Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Stefna um gönguleiðir er óbreytt frá gildandi skipulagi.

3.3.1 Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð.

3.3.2 Breyting á uppdrætti

Á þéttbýlisuppdrætti eru skilgreindar nýjar göngu- og hjólaleiðir sem tengja endurbættan golfvöll og hesthúsabyggð við göngustígakerfi bæjarins.

3.4 Efnistökusvæði

Stefna um efnistökusvæði er óbreytt frá gildandi skipulagi. Bætt er við nýju efnistökusvæði norðan við gangamunna.

3.4.1 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi skilmálum er bætt við í kafla **8. Efnistaka**:

E13 Fjarðarheiðagöng. Efnislosunar- og vinnslusvæði fyrir það efni sem fellur til við gerð Fjarðarheiðarganga og nýtist ekki til byggingar vegarins. Svæðið er hugsað sem tímabundið haugsetningarsvæðið fyrir allt að 420.000 m³ af efni. Tíu til fimmtán árum eftir að framkvæmdum við jarðgöng lýkur er gerð krafa um að svæðið verði grætt upp með gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og látið falla að aðliggjandi landslagi eins og mögulegt er. Raska skal sem minnst af landi.

3.4.2 Breyting á uppdrætti

Efnistökusvæðið Fjarðarheiðagöng(E13) er afmarkað inn á sveitarfélagsuppdrátt.

3.5 Opín svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði

Gerð er breyting á landnotkun þar sem ný veglína er áformuð að þéttbýlinu.

3.5.1 Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð.

3.5.2 Breyting á uppdrætti

Afmarkað er svæði norðan veglínu sem óbyggð svæði og að hluta til opin svæði til sérstakra nota (nr. 5 golfvöllur). Austan við veglínu er afmarkað nýtt svæði fyrir opin svæði til séstakra nota (nr. 5 golfvöllur). Vegna færslu á golfvelli er afmörkun á iðnaðarsvæði við Fjarðarselsvirkjun breytt lítillega. Breyting er einnig gerð á afmörkun athafnasvæðisins innan við kirkjugarðinn þar sem ný veglína þverar svæðið.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Í umhverfismatsskýrslu fyrir aðalskipulagsbreytingu er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrir séðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og nái til fjölda fólks eða þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Tafla 1. Vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA		SKÝRING
Jákvæð	+	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt svæðis-, lands- eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð	-	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarka stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss	?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðan greindra umhverfispátta sem gætu orðið fyrir áhrifum skipulagsbreytingarinnar og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfispætti, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013. - Náttúruminjaskrá: A, B og C hluti. - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf ? Hefur breytingin áhrif á plöntur og dýr á válista ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013. - Válistar Náttúrufræðistofnunar. - Úttekt á lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína Fjarðarheiðaganga (Náttúrufræðistofa Austurlands, 2021). - Viðbótarrannsókn Náttúrustofu Austurlands á lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína Fjarðarheiðaganga (Náttúrustofa Austurlands, 2021). - Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr. - Ramsarsamningurinn
Landnotkun	Hefur breytingin áhrif á landnotkun ? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013. - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030. - Náttúruminjaskrá.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd svæðisins ? Hefur breytingin áhrif á landslag ? Hefur breytingin sjónræn áhrif ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013 - Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi, 2020
Vatnafar og vatnsvernd	Hefur breytingin áhrif á vatnsverndarsvæði ?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. - Reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. - Reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu ? Stuðlar breytingin að styrkingu byggðar ?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúru- og menningarminjar	Hefur breytingin áhrif á fornminjar ? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar ? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði ?	- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. - Fornleifaskráning vegna Fjarðarheiðaganga (Fornleifastofnun Íslands, 2021). - Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu Seyðisfjarðarmegin (Antikva, 2021). - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030
Heilsa og öryggi	Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði ? Hefur breytingin áhrif á umferðaröryggi ? Er hætta á mengun af völdum breytingarinnar ?	- Reglugerð nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. - Reglugerð nr. 724/2008 um hljóðvist.

4.3 Valkostir og umhverfisáhrif

4.3.1 Jarðgöng og jarðgangamunni

Í frummatsskýrslu VSÓ var skoðað að lagfæra núverandi veg að Seyðisfirði en þrátt fyrir lagfæringarnar var sá kostur ekki talinn ákjósanlegur með tilliti til umferðaröryggis. Eftir athugasemdir við matsáætlun ákvað Vegagerðin að hnika til nýrri veglínu svo hún lægi fjær hestúsum á svæðinu.

1. Núll kostur:

Gildandi skipulag. Staðsetning gangamunna er við Fjarðarsel. Staðsetning á jarðgöngum undir Fjarðarheiði er ekki merkt inn á uppdrátt.

2. Valinn kostur:

Breytt aðalskipulag. Staðsetning gangamunna er við Gufufoss og þaðan eru merkt jarðgöng undir Fjarðarheiði í átt að sveitarfélagsmörkum.

Umhverfisáhrif:

- **Núll kostur** gerir ráð fyrir jarðgöngum undir Fjarðarheiði frá Fjarðarseli en vegna skorts á upplýsingum og öflun upplýsinga um áhrif *gróður og dýralíf* á þessari staðsetningu jarðganga eru áhrifin metin óviss. Áhrif á *jarðmyndanir* eru metin óveruleg en engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Áhrif á *landnotkun* er metin óveruleg þar sem landnotkun helst óbreytt. Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin neikvæð þar sem framkvæmdir á óbyggðu svæði munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðis en þó á afmörkuðu svæði. Áhrif á *vatn og vatnafar* er metin neikvæð þar sem jarðgangamunni er staðsettur innan grannsvæðis vatnsverndar. Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð þar sem mikill ávinningur er fyrir samfélagið að fá jarðgöng undir Fjarðarheiði og er líklegt að styðja við fólksfjölgun og búsetu á svæðinu. Áhrif á *náttúru- og menningarminjar* eru metin óviss vegna skorts á upplýsingum og öflun upplýsinga um fornleifar við gangamunna en jarðgöngin sjálf koma ekki til að með að hafa bein áhrif á fornleifar. Engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Áhrif á *heilsu og öryggi* er metin óveruleg þar sem staðsetning gangamunna lengir göngin um 800 m en Fjarðarheiðagöng verða í hópi lengstu ganga í heimi og því fylgja

ýmsar áskoranir og því þarf að leitast við að stytta göngin eins og kostur er. Með jarðgöngum er verið að tryggja íbúum meira umferðaröryggi og rjúfa vefraeinangrun Seyðisfjarðar.

- **Valinn kostur** gerir ráð fyrir jarðgöngum undir Fjarðarheiði við Gufufoss og eru áhrif á *jarðmyndanir* og *gróður og dýralíf* metin óveruleg. Engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Röskun mun verða á gróðri en á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Áhrif á *landnotkun* er metin neikvæð, landnotkun mun breytast á svæðinu. Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin neikvæð, framkvæmdir á óbyggðu svæði mun óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðis en þó á afmörkuðu svæði. Áhrif á *vatnafar og vatnsvernd* er metin neikvæð. Jarðgangamunni og jarðgöng eru staðsett innan vatnsverndarsvæðis. Gera þarf ráðstafanir í samráði t.d. við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð þar sem mikill ávinningur er fyrir samfélagið að fá jarðgöng undir Fjarðarheiði og er líklegt að styðja við fólksfjölgun og búsetu á svæðinu. Áhrif á *náttúru- og menningarminjar* eru metin neikvæð þar sem 4 fornleifar eru í stórhættu þar sem þær eru innan framkvæmdarsvæðis við gangamunna, jarðgöngin sjálf koma ekki til að með að hafa bein áhrif á fornleifar. Engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Áhrif á *heilsu og öryggi* er metin jákvæð. Með tilkomu jarðganga er greiðfærni aukin og umferðaröryggiskröfur uppfylltar. Ofanflóðahætta við gangamunna er innan ásættanlegra marka.

Tafla 3. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - jarðgöng og jarðgangamunni.

VALKOSTIR	JARÐ-MYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LAND-NOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	VATNAFAR OG VATNSVERND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur	0	?	0	-	-	+	?	0
Valinn kostur	0	0	-	-	-	+	-	+

4.3.2 Ný veglína og undirgöng

1. Núll kostur:

Gildandi skipulag. Gert er ráð fyrir stofnvegi yfir Fjarðarheiði og veglína að Seyðisfirði sé óbreytt.

2. Valinn kostur:

Breytt aðalskipulag. Nýr stofnvegur sem liggur norður fyrir núverandi veg til Seyðisfjarðar ásamt undirgöngum til að tryggja aðgengi gangandi og ríðandi umferð að svæðinu fyrir ofan nýja veglínu.

Umhverfisáhrif:

- **Núll kostur:** áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg en engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óviss vegna skorts á upplýsingum og öflun upplýsinga. Áhrif á *landnotkun* er metin jákvæð þar sem landnotkun helst óbreytt. Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin óveruleg þar sem veglína er óbreytt frá því sem það er í dag. Áhrif

á vatn og vatnafar er metin neikvæð þar sem veglína í dag er staðsett innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar. Áhrif á samfélag er metin jákvæð. Áhrif á náttúru- og menningarminjar er metin jákvæð þar sem veglína er sú sama og er í dag. Engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Áhrif á heilsu og öryggi er metin neikvæð þar sem núverandi vegur uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar, um breidd og hámarkshalla stofnvegur.

- **Valinn kostur:** áhrif á jarðmyndanir er metin óveruleg en engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Áhrifin á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Röskun mun verða á gróðri á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Ekki er talið að breytingin muni hafa mikil áhrif á dýralíf enda liggur vegur nú þegar á stórum hluta leiðarinnar. Minni umferð um Fjarðarheiði getur haft jákvæð áhrif á fugla og önnur dýr vegna minna ónæðis. Áhrif á landnotkun eru metin neikvæð þar sem ný veglína liggur þvert yfir golfvöll og athafnasvæði. Vegna þess er áformað að færa völlinn suður fyrir nýja veglínu. Áhrif á ásynd og landslag er metin óveruleg. Framkvæmdir á óbyggðu svæði munu óhjákvæmilega breyta ásynd svæðis. Ný veglína mun aftur á móti þekja að stórum hluta raskað land og liggur að mestu ofan núverandi veglínu, breytingar á landslagi vegna hennar er minniháttar. Áhrif á vatnafar og vatnsvernd eru metin neikvæð en áhætta á áhrifum felst í umferð innan vatnsverndarsvæðis. Gera þarf sértækar aðgerðir og verklag vegna staðsetningu innan vatnsverndarsvæðis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Með breytingunni er verið að tryggja íbúum og gestum bætтар samgöngur sem tryggja meira umferðaröryggi og rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar. Það mun líklega styrkja byggð og atvinnulíf á Seyðisfirði og á Austurlandi öllu. Áhrif á menningarminjar eru metin neikvæð. Þar sem skráðar hafa verið 13 fornleifar við nýja veglínu og eru þær því í stórhættu vegna framkvæmdanna. Þá má ekki fara í framkvæmdir nærri minjastöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Allar minjar í nálægð við framkvæmdarsvæði skulu vera merktar vandlega og afmarkaðar, í samráði við minjavörð. Áhrif á náttúruminjar er metin engin þar sem engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Áhrif á heilsu og öryggi eru metin jákvæð. Með tilkomu nýrrar veglínu er greiðfærni aukin og umferðaröryggiskröfur uppfylltar. Leiðin verður öruggari með minni bratta og jafnari hæðarlegu. Ný veglína mun liggja um grann- og fjarsvæði vatnsverndar en núverandi vegur (Seyðisfjarðarvegur nr.93) gerir það einnig. Þá skulu viðhafðar strangar öryggiskröfur við framkvæmdir á skilgreindu vatnsverndarsvæðis eins og grann- og fjarsvæði. Undirgöng munu stórauka öryggi fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn um svæðið. Búast má við tímabundnu ónæði vegna hávaða á framkvæmdatíma, þá aðalega á opnum svæðum s.s. á golfvelli og á svæði fyrir hestamennsku. Við fyrirhugaða veglínu telst ofanflóðahætta innan ásættanlegra marka.

Tafla 4. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - ný veglína og undirgöng.

VALKOSTIR	JARÐ-MYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LAND-NOTKUN	ÁSYND OG LANDSLAG	VATNAFAR OG VATNSVERND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur	0	?	+	0	-	+	+	-
Valinn kostur	0	0	-	0	-	+	-	+

4.3.3 Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

1. Núll kostur:

Gildandi skipulag. Skilgreind er reiðleið frá hesthúsbyggð og upp fyrir svæðið fyrir ofan golfvöll og athafnasvæði. Enginn göngustígur er skilgreindur að golfvallarsvæðinu.

2. Valinn kostur:

Breytt aðalskipulag. Göngustígar liggja að golfvallarsvæði og tengjast göngustígakerfi bæjarins. Einnig eru skilgreindir stígar um golfvallarsvæðið sem nýta mætti sem útivistar. Þá munu undirgöng, undir nýja veglinu, tengja saman svæðin beggja vegna vegar og tryggja þannig aðgengi fólks á virkum ferðamátum.

Umhverfisáhrif:

- **Núll kostur:** áhrif á *jarðmyndanir, gróður og dýralíf, landnotkun, ásýnd og landslag, vatnafar og vatnsvernd og náttúru- og menningarminjar* er metin óveruleg. Áhrif á *samfélag og heilsu og öryggi* er metin neikvæð einkum vegna þess að ekki er gert ráð fyrir tengingu við golfvöll og hestamannasvæði við stígakerfi bæjarins.
- **Valinn kostur:** áhrif á *jarðmyndanir, gróður og dýralíf, landnotkun, ásýnd og landslag, vatnafar og vatnsvernd og náttúru- og menningarminjar* er metin óveruleg. Áhrif á *samfélag og heilsu og öryggi* er metin jákvæð. Bætt stígakerfi að golfvelli og hesthúsabyggð stuðlar að aukinni notkun á vistvænum ferðamáta og bættu umferðaröryggi.

Tafla 5. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - göngu-, hjóla- og reiðleiðir.

VALKOSTIR	JARÐ-MYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LAND-NOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	VATNAFAR OG VATNSVERND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur	0	0	0	0	0	-	0	-
Valinn kostur	0	0	0	0	0	+	0	+

4.3.4 Efnistökusvæði

1. Núll kostur:

Gildandi skipulag. Ekkert efnistökusvæði skilgreint fyrir efnislosun í tengslum við jarðgangagerð.

2. Valinn kostur:

Afmarkað er efnistökusvæði fyrir efnisvinnslu og efnislosun á umfram efni úr jarðgöngunum.

Umhverfisáhrif:

- **Núll kostur:** áhrif á *jarðmyndanir, gróður og dýralíf, landnotkun, ásýnd og landslag, samfélag, vatnafar og vatnsvernd, náttúru- og menningarminjar og heilsu og öryggi* er metin óveruleg.
- **Valinn kostur:** Áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg. Engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Áhrifin á *gróður og dýralíf* eru metin óveruleg. Röskun mun verða á gróðri á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Áhrif efnistökusvæðis á gróður er talin minniháttar með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess. Áhrif á *landnotkun* er metin neikvæð. Þar sem landnotkun er breytt með tilkomu efnistökusvæðis á óbyggðu svæði. Áhrif á *landslag og ásýnd* eru metin neikvæð. Efnistökusvæði er staðsett rétt við gangamunnan og til þess að draga úr neikvæðum áhrifum skal leggja áherslu á að vandað verði til frágangs á umhverfinu að framkvæmd lokinni. Áhrif á *vatnafar og vatnsvernd* eru metin neikvæð þar sem fyrirhugað efnistökusvæðið er innan grannsvæðis vatnsverndar. Til að draga úr neikvæðum áhrifum þarf að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð þar sem gert er ráð fyrir að umframefni sem ekki verður notað í vegagerð verði geymt á svæðinu og muni nýtast til framtíðar framkvæmda í sveitarfélaginu. Áhrif á *menningarminjar* er metin neikvæð. Innan afmarkaðs svæðis fyrir efnistöku voru skráðar 3 minjar og munu þær verða í stórhættu vegna framkvæmda. Til að draga úr neikvæðum áhrifum er gerð krafa um könnunarskurði til þess að afla frekari upplýsinga hvort frekari rannsókna er þörf. Áhrif á *náttúruminjar* er metin engin þar sem engin friðlýst svæði verða fyrir áhrifum né svæði sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár.

Tafla 6. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - efnistökusvæði.

VALKOSTIR	JARÐ-MYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LAND-NOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	VATNAFAR OG VATNSVERND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur	0	0	0	0	0	0	0	0
Valinn kostur	0	-	-	-	-	+	-	0

4.3.5 Opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, athafnasvæði og iðnaðarsvæði

1. Núll kostur:

Gildandi skipulag. Veglína að Seyðisfirði er óbreytt og því ekki þörf á að færa golfvöll. Einnig mun afmörkun á iðnaðar-og athafnasvæði haldast óbreytt.

2. Valinn kostur:

Færa þarf að hluta af golfvelli austur fyrir núverandi veglínu þar sem ný veglína mun þvera núverandi völl. Ný veglína fer einnig í gegnum athafnasvæði og breytir afmörkun þess. Afmörkun iðnaðarsvæðis fyrir Fjarðarselsvirkjun breytist lítillega en mun þó ekki hafa áhrif á starfsemi virkjunarinnar.

Umhverfisáhrif:

- **Núll kostur:** áhrif á *jarðmyndanir, gróður og dýralíf, landnotkun, ásýnd og landslag, vatnafar og vatnsvernd, samfélag og náttúru- og menningarminjar og heilsu og öryggi* er metin óveruleg.
- **Valinn kostur:** áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg en engar markverðar jarðminjar eru á svæðinu. Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin neikvæð. Röskun mun verða á gróðri á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Hluti svæðisins er samt þegar raskað land s.s. golfvöllur og tún. Áhrif á *landnotkun* er metin neikvæð. Breyting er gerð á landnotkun, þar sem golfvöllurinn verður færður neðan við nýja veglínu á svæði sem nú er skilgreint sem óbyggð svæði. Afmörkun á iðnaðarsvæði við Fjarðarselsvirkjun mun breytast en ekki hafa áhrif á starfsemi eða mannvirki virkjunarinnar. Áhrif á *ásýnd og landslag* er metin óveruleg þrátt fyrir að framkvæmdir á óbyggðu svæði munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðisins þá er stór hluti svæðisins manngert land. Áhrif á *vatnafar og vatnsvernd* er metin óveruleg. Lítil hluti golfvallar mun liggja innan fjarsvæðis vatnsverndar. Áhrif á náttúru- og menningarminjar er metin óviss. Áhrif á heilsu og öryggi er metin óveruleg.

Tafla 7. Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta - opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði, iðnaðar- og athafnasvæði.

VALKOSTIR	JARÐ-MYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LAND-NOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	VATNAFAR OG VATNSVERND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur	0	0	0	0	0	0	0	0
Valinn kostur	0	-	-	0	0	0	?	0

4.4 Niðurstaða umhverfismats

Áhrif valkostanna þ.e.a.s. núllkost og valinn kost eru áþekkt, hvað varðar samfélag og umhverfi. Helsti munur er á áhrifum á landnotkun þar sem færa þarf golfvöll Golfklúbbs Seyðisfjarðar vegna nýrrar veglínu en á móti kemur mun ný veglína bæta umferðaröryggi vegfarenda vegna minni bratta.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

5.1 Málsmeðferð

Skipulagslýsing

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulags- og matslýsingar og var hún auglýst þann 19. ágúst 2021 á vef sveitarfélagsins (mulathing.is) og í innansveitarblöðum og var almenningi gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 2. september 2021. Einnig var haldinn rafrænn kynningarfundur 25. ágúst 2021 á facebook-síðu Múlapings. Þar var hægt að senda inn fyrirspurnir á meðan á fundinum stóð og var þeim svarað að kynningu lokinni. Einnig var lýsingin send til umsagnar til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Vegagerðarinnar og HEF-veitna. Umsagnir vegna lýsingar bárust frá Skipulagsstofnun, Veðurstofu Íslands og Minjastofnun Íslands.

Tillaga á vinnslustigi

Tillagan er kynnt á vinnslustigi á vef sveitarfélagsins og á rafrænum íbúafundi þann xx.xx.2022 þar sem íbúum og öðrum hagsmunaraðilum gefst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og xx.xx.2022. Tillagan var send til umsagnaraðila og bárust umsagnir frá;

Auglýsing á tillögu

...

5.2 Umsagnaraðilar breytingar

Umsagnaraðilar um aðalskipulagsbreytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Veðurstofa Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- HEF - veitur